

Fundargerð 29.02.2024

Mætt voru: Erla Erlendsdóttir foreldra, Vala Steinsdóttir grenndarfulltrúi, Ellý Erlingsdóttir og Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir fulltrúar kennara, Steinunn Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsfólks, Pétur Pálsson umsjónarmaður fasteigna, Kolbrún Björnsdóttir námsráðgjafi og Margrét Ólöf aðstoðarskólalastjóri sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

- Skólalagatal 2024 – 2025 lagt fram til samþykktar.

- Skólalóðin – öryggi og aðbúnaður.

Pétur fór yfir stöðuna á skólalóðinni. Leiktækin eru öll í góðu lagi en netin á fótboltavellinum eru ónýtt. Hafnarfjarðarbær sér um lagfæringu á því.

Ellý benti á að víða séu steinar lausir í hellulögninni á skólalóðinni. Einnig var rætt um malarblett við íþróttahúsið. Óskað hefur verið eftir því við bæinn að þar verið sett upp leiktæki.

Unglingarnir eru mjög lítið úti í frímínútum. Rætt var um hvort hægt væri að gera skólalóðina meira aðlaðandi fyrir unga fólkið. Þetta þarf að ræða betur við unglíngana og fá fram hugmyndir þeirra.

Búið er að setja upp vatnsvél í Setrinu og setja á upp aðra vél fyrir framan textílstofuna. Einnig er búið að setja upp fleiri grill og örbylgjuofna. Nemendur eru mjög ánægðir með þetta framtak.

Pétur ræddi um að stefnt er að því að klára allt þakið í sumar en áður stóð til að dreifa þessari framkvæmd á tvö ár. Það kemur í ljós þegar líður á vorið hvenær framkvæmdir hefjast.

- Forvarnarstarf í Setbergsskóla.

Forvarnarstefna Setbergsskóla byggir á jákvæðum skólabrag sem einkennist af virðingu, víðsýni og vellíðan.

- Skólinn stuðlar að alhliða heilbrigði nemenda hvort sem er andlegt, félagslegt og líkamlegt sem og jákvæðri sjálfsmynd og heilbrigðum lífsháttum nemenda.
- Áhersla er lögð á að allir í skólasamfélaginu taki afstöðu gegn óviðunandi hegðun eða áreitni sem beinist að kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáníngu.

Skólaráð

Kolbrún fór yfir forvarnaráætlun Setbergsskóla skólaárið 2023-2024.

Áherslur í forvörnum eru:

- Geðrækt: Félags- og tilfinningafærni
- Lýðheilsa, svefn og skjánotkun
- Kynheilbrigði
- Öfbeldisvarnir
 - Jákvæð samskipti og bekkjarmenning: Forvarnir gegn einelti
- Tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir
- Margbreytileikinn

Kolbrún fór einnig yfir ársbjólf forvarnarverkefna en þar er yfirlit verkefna eftir mánuðum í hverjum árgangi fyrir sig.

Eineltis- og forvarnarteymið hefur það hlutverk að skipuleggja forvarnaráætlun og fræðslu og fylgir eftir framkvæmdum.

Önnur mál:

Rætt var um símalausan apríl í skólum í Hafnarfirði. Lögð verður áhersla á það í samvinnu Setrið og kennara í unglingadeildinni að bjóða nemendum uppá ýmislegt uppbyggilegt í frímínútum.

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.